

## LAUGASÓL – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Desember 2018

## Efnisyfirlit

LAUGASÓL – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI .....	1
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>2</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
Leikskólinn Laugasól .....	4
Greining .....	5
<b>Stjórnun - samantekt</b> .....	<b>7</b>
Styrkleikar .....	7
Tækifæri til umbóta .....	8
<b>Uppeldis og menntastarf</b> .....	<b>9</b>
Styrkleikar .....	9
Tækifæri til umbóta .....	10
<b>Mannauður</b> .....	<b>11</b>
Styrkleikar .....	11
Engin sérstök tækifæri eru til umbóta .....	11
<b>Leikskólabragur</b> .....	<b>12</b>
Styrkleikar .....	12
Tækifæri til umbóta .....	13
<b>Innra mat</b> .....	<b>14</b>
Styrkleikar .....	14
Tækifæri til umbóta .....	14
<b>Viðmiðaraminn</b> .....	<b>15</b>

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Auður Ævarsdóttir

Ásdís Olga Sigurðardóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

## INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Laugasól sem fram fór í desember 2018. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

**Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.**

**Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í nóvember 2018 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 19.-28. nóvember. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

## LEIKSKÓLINN LAUGASÓL

Leikskólinn Laugasól tók til starfa árið 2011 og er staðsettur við Leirulæk, 105 Reykjavík. Leikskólinn Laugasól varð til við sameiningu leikskólanna Laugaborg og Lækjarborg.

Í leikskólanum eru 7 deildir og 153 börn voru á leikskólanum í nóvember 2018. Yngri börnin eru í Lækjarborg á deildunum Draumalæk, Sunnulæk og Mánalæk. Eldri börnin eru í Laugaborg á deildunum Ljúfalæk, Undralæk, Fagralæk og Huldulæk.

Leikskólastjóri er Helga Ingvadóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Bergþóra Vilhjálmsdóttir.

Við leikskólann starfa 45 starfsmenn í 38,3 stöðugildum. Í Laugasól eru 2,5 stöðugildi stjórnenda. 18 starfsmenn í 15,8 stöðugildum eru leikskólakennarar með leyfisbréf þar af eru 2,5 stöðugildi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, fimm deildarstjórar í 4,9 stöðugildum. 6 starfsmenn eru stuðningsaðilar í 5 stöðugildum auk þess eru 2 sérkennslustjórar í 1,7 stöðugildum. 10 starfsmenn eru með aðra uppeldismenntun í 9,4 stöðugildum. 4 starfsmenn eru með aðra háskólamenntun í 3,5 stöðugildum. 9 starfsmenn flokkast undir aðrar starfsstéttir og eru í 8,3 stöðugildum. Tveir leiðbeinendur með háskólapróf, einn leikskólaliði, einn starfsmaður með háskólapróf í myndlist, sex starfsmenn eru ófaglærðir leiðbeinendur og þrír eru í tímavinnu. 5 karlmenn starfa við leikskólann.

## GREINING

### Styrkleikar

★ Fagmennska og góðir starfshættir einkenna allt starf leikskólans með áherslu á umhyggju, gagnrýna hugsun og flæði í leik barna og aðgengi að opnum efnivið.

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu. Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans og er skýrt fram sett. Stefna leikskólans og markmið endurspeglar að lögð er áhersla á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna. Foreldrar þekkja áherslur í stefnu leikskólans. Leikskólastjóri hvetur leikskólakennara og annað starfsfólk til að auka sífellt gæði náms og starfs. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum. Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu. Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá og samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans.

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna. Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir. Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingarleitar. Fjölbreytt úrval af leik- og námsefni er til staðar. Skipulögð viðfangsefni og leikur tekur mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn.

Námsleiðir henta vel þörfum og færni hvers barns.

Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við. Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndar tengsl við þau í gegnum leik. Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm. Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna, heilbrigði og vellíðan og unnið er markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi. Umhverfið er aðlagð til að mæta þörfum allra barna. Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega og teymi er myndað um börn með alvarleg frávík.

Leikskólakennarar/deildarstjórar skipuleggja og leiða starf á deildum, veita faglega forystu og leiðsögn. Leikskólakennarar/deildarstjórar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Stefna leikskólans birtist í starfi á deildum og faglegur metnaður einkennir starf á deildum. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins.

Áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglar í verkum og viðhorfum starfsfólks.

Bæði börn og starfsfólk læra í leikskólanum. Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm. Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir, þ.m.t. upplýsingagjöf til foreldra.

Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu,

leikskólahald og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar. Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum.

Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks.

Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir. Greinargerðir um innra mat og umbótaáætlanir eru

birtar á heimasíðu leikskólans. Áætlanir um umbætur eru bornar undir foreldraráð og skóla- og

frístundasvið. Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum. Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða.

### Tækifæri til umbóta

Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra. Áætlun byggð á læsisstefnu verði gerð og unnið sé eftir henni.

Börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi. Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna. Unnið sé markvisst með heimamenningu allra barna.

Verkferlar vegna sérfræðiþjónustu séu skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum.

Áætlun sé til um mat á námi og velferð barna. Börn taki þátt í að meta nám sitt og fái tækifæri til að setja sér markmið. Skráningar séu nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.

Foreldrar séu hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess. Starfsfólk sé lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýti fjölbreyttar leiðir til samskipta.

Í skólanámskrá sé umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt og áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggi fyrir. Í skólanámskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans eru metin. Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðferðir, áætlanir og verkferlar, séu hluti af innra mati.

Í greinargerð um innra mat sé fjallað um að hve miklu leyti markmið hafi náðst og fjölbreyttar aðferðir séu notaðar við gagnaöflun. Starfsfólk leikskólans og foreldraráð taki þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati. Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli og fjölbreyttar aðferðir séu notaðar við gagnaöflun.

## STJÓRNUN - SAMANTEKT

Í viðmiðum um stjórnun er fjallað um stjórnandann sem faglegan leiðtoga, stjórnun leikskólans og daglegan rekstur, faglegt samstarf, leikskólaþróun og símenntun, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

### STYRKLEIKAR

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu
- Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans
- Stefna leikskólans er skýrt fram sett
- Áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar/rekstaraðila endurspeglast í stefnu leikskólans
- Stefna leikskólans og markmið endurspeglar að löggætt er áhersla á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna
- Foreldrar þekkja áherslur í stefnu leikskólans
- Starfsfólk þekkir stefnu leikskólans og getur nefnt dæmi um hvernig það vinnur að henni
- Stjórnendateymi tryggir að upplýsingum sé miðlað um leikskólastarfið
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu starfi
- Leikskólastjóri hvetur leikskólakennara og annað starfsfólk til að auka sífellt gæði náms og starfs
- Starfsfólk finnur að framlag þeirra til leikskólans er metið
- Stjórnendateymi skiptir með sér verkum við stjórnun og miðlar upplýsingum sín á milli
- Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu
- Stjórnendateymi samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna varðandi sérfræðiþjónustu
- Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur við af stefnu leikskólans og Reykjavíkurborgar
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er gætt að vanhæfni til meðferðar máls vegna ættingja eða tengdra aðila
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin a.m.k einu sinni á ári
- Niðurstöður starfsþróunarsamtala eru skráðar og þeim fylgt eftir
- Starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma
- Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim
- Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu
- Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum
- Samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila
- Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi sem nær til alls starfsfólks
- Formlegir fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar
- Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til starfsfólks
- Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu
- Samráð er milli leikskólans og grunnskóla í hverfinu um skipulagsdaga
- Virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu
- Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfók til þátttöku í verkefnum inna og utan leikskólans
- Litið er á foreldra og börn sem samstarfsaðila
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS/þjónustumiðstöð

- Leikskólastjóri hvetur til og veitir svigrúm fyrir þróunarstarf í leikskólanum
- Þróunar-og/eða umbótaáætlun byggir á stefnu leikskólans og innra og /eða ytra mati á starfinu
- Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá
- Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans
- Starfsfólk er hvatt til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi
- Leikskólastjóri heldur skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna
- Stjórnendur bera ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt
- Leikskólastjóri hefur forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár
- Skólanámskrá er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Skólanámskrá er birt á heimasíðu leikskólans og/eða á annan aðgengilegan hátt
- Í starfsáætlun eru birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast
- Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans og/eða á annan aðgengilegan hátt
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni
- Framkvæmdaáætlun um jafnrétti, byggð á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, liggur fyrir og unnið er eftir henni

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra
- Unnið sé eftir verklagsreglum og viðbrögðum við slysum
- Áfallateymi og áætlun um viðbrögð við áföllum sé til
- Öryggis- og rýmingaráætlun liggja fyrir
- Starfsfólk þekki til verklagsreglna um tilkynningaskyldu til barnaverndanefnda
- Áætlun byggð á læsisstefnu verði gerð og unnið sé eftir henni



## UPPELDIS OG MENNTASTARF

Í viðmiðum um uppeldis og menntastarf er fjallað um skipulag náms og námsaðstaður, uppeldi, menntun og starfshætti, leik og nám (lýðræði, jafnrétti og þáttöku barna), námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar, mat á námi og velferð barna.

### STYRKLEIKAR

- Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna
- Skipulag húsnæðis gefur kost á samskiptum og samstarfi allra í leikskólanum
- Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir
- Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist
- Rými er til að veita sérfræðipjónustu
- Vinnuaðstaða fyrir starfsfólk er góð, s.s. til lundirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu
- Umhverfi leikskólans er nýtt til þekkingaleitar
- Fjölbreytt úrval af leik- og námsefni er til staðar
- Dagskipulag er endurmetið reglulega til að mæta þörfum barnanna
- Í dagskipulagi er jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna
- Dagskipulag veitir svigrúm til að mæta þörfum allra barna
- Skipulögð viðfangsefni og leikur tekur mið af hæfileikum og námsþörfum barna
- Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum
- Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn
- Á meðan á verkefnum stendur þróar starfsfólk þau eftir þörfum
- Námsleiðir henta vel þörfum og færni hvers barns
- Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við
- Starfsfólk á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndar tengsl við þau í gegnum leik
- Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín
- Í samvinnu við börnin er leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi
- Börnin hafa val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik
- Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni
- Viðfangsefni höfða til margvíslegra áhugasviða barna
- Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni
- Sjálfsprottnum leik og athöfnum barna er gefið nægjanlegt svigrúm
- Unnið er markvisst að því að efla samskipti barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Unnið er markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Unnið er markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Unnið er markvisst að eflingu vísinda meðal barna og það endurspeglast bæði í námskrá og starfi
- Umhverfið er aðlagð til að mæta þörfum allra barna
- Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik
- Öll börn eiga sýnilega hlutdeild í barnahópnum
- Leikskólakennarar, þroskaþjálfar eða starfsfólk með sambærilega menntun starfar innan leikskólans
- Einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar reglulega
- Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna á leikskólanum

- Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik
- Stöðufundir sérfræðinga, stuðningsaðila og foreldra eru haldnir reglulega
- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans
- Mati, úrræðum og verkefnum er fylgt eftir með skipulögðum hætti
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónstumiðstöð hverfis
- Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á
- Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna eru endurmetnar reglulega
- Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna þeirra

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi
- Leitað sé leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu
- Fjölbreyttar leiðir eru farnar til að fá fram sjónarmið barna
- Unnið sé markvisst með heimamenningu allra barna
- Að allt starfsfólk sé upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum
- Farið sé eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni
- Verkferlar vegna sérfræðipjónustu séu skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum
- Áætlun sé til um mat á námi og velferð barna
- Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barna
- Börn taki þátt í að meta nám sitt
- Börn fái tækifæri til að setja sér markmið
- Börn fái tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi
- Skráningar séu nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim
- Skráningar séu varðveittar með skipulögðum hætti
- Starfsfólk fái leiðbeiningar og stuðning við gagnasöfnum og skráningu

## MANNAUÐUR

Í viðmiðum um mannauð er fjallað um hlutverk leikskólakennara, fagmennsku starfsfólks og starfsánægju.

### STYRKLEIKAR

- Leikskólakennarar/deildarstjórar skipuleggja og leiða starf á deildum
- Leikskólakennarar/deildarstjórar veita faglega forystu og leiðsögn
- Leikskólakennarar/deildarstjórar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn
- Leikskólakennarar/deildarstjórar bera ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra
- Stefna leikskólans birtist í starfi á deildum
- Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans
- Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum
- Faglegur metnaður einkennir starf á deildum
- Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnilegt
- Starfsfólk sækir símenntun
- Starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað
- Deildarfundir eru haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra er börnin, nám þeirra og staða
- Deildarfundir eru vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar
- Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum er vel tekið
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu
- Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins
- Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtt í starfi
- Starfsfólki líður vel í vinnunni
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum
- Starfsfólk er ánægt með samskipti í leikskólanum
- Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf

### ENGIN SÉRSTÖK TÆKIFÆRI ERU TIL UMBÓTA

## LEIKSKÓLABRAGUR

Í viðmiðum um leikskólabrag er fjallað um viðmót og menningu, velferð og líðan barna, þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.

### STYRKLEIKAR

- Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt
- Jákvæður andi og gleði ríkir
- Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli allra
- Kurteisi, virðing og umhyggja einkennir samskipti
- Virðing er borin fyrir einstaklingnum og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða
- Starfsfólk er samhent í starfi
- Áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglast í verkum og viðhorfum starfsfólks
- Bæði börn og starfsfólk læra í leikskólanum
- Börnunum líður vel í leikskólanum
- Börnin eru glöð og áhugasöm
- Milli barnanna ríkir virðing og samkennd
- Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum
- Áhersla er lögð á það sem börnin gera vel
- Börnin fá hvatningu og hrós sem er ígrundað
- Brugðist er við krefjandi hegðun af fagmennsku
- Samtöl starfsfólks við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi
- Börn fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum
- Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsefni
- Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir, þ.m.t. upplýsingagjöf til foreldra
- Allir foreldrar fá kynningu á bæklingnum *Velkomin til samstarfs* við upphaf leikskólagöngu barna sinna
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans
- Foreldrum er gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl
- Túlkaþjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á
- Upplýsingum er miðlað til foreldra með reglubundum og fjölbreyttum hætti
- Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar
- Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans
- Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahald og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og frammistöðu hans
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans
- Foreldrar upplifa að markvisst sé unnið að stefnu og markmiðum leikskólans
- Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns
- Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks
- Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann

- Leitast er við að koma til móts við óskir foreldra
- Ábendingum frá foreldrum er vel tekið
- Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf frá leikskólanum

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Börnin séu þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við
- Foreldrar séu hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess
- Starfsfólk sé lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku og nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta
- Skipulagt verklag sé til í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál
- Foreldraráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur

## INNRA MAT

Í viðmiðum um innra mat er fjallað um skipulag og viðfangsefni, gagnaöflun og vinnubrögð, opinbera birtingu og umbætur.

### STYRKLEIKAR

- Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir
- Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir foreldraráð og skóla- og frístundasvið
- Umbótáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir
- Starfsfólk og foreldrar geta á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Í skólanámskrá sé umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt
- Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggi fyrir
- Í skólanámskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans séu metin
- Öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti
- Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar, séu hluti af innra mati
- Fyrir hvert markmið séu skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að
- Í greinargerð um innra mat sé fjallað um að hve miklu leyti markmið hafi náðst
- Fjölbreyttar aðferðir séu notaðar við gagnaöflun
- Gætt sé að því að innra matið byggi á margvíslegum gögnum
- Starfsfólk leikskólans taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með aðkomu foreldraráðs
- Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli
- Foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati t.d. með aðkomu foreldraráðs
- Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli

## VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.